

Fundur 24.6.2024 Sigurður Eggerts alþingismaður.

Komið þið öll blessuð og sæl, heilsa ég ykkur frá framlífs hnetti og

*Gott kvöld.*

Góða kvöldið, er hér fagur salurinn og bjart er yfir fólki og nýtur það magnanar lengra að kominnar og hef ég of sjaldan komið á fundi sem þessa og er það orðið langt um liðið en vil ég gjarnan leyfa ykkur að taka þátt í þeirri mögnun sem hjá okkur er, ef mögulegt er.

Og sumuleiðis koma nokkrum orðum að, ef mér er það unnt og hef ég oft komið fram á sambandsfundum sem þessum, en finn ég að hér er verið að hefja fund og mögnun ekki eins mikil og gott er að hafa, en vonumst við til að það muni komast í rétt horf.

Og hef ég að vísu all góða þekkingu á þessum á þessum málum og hef oft talað til farmlífs mannkynja, en langt er síðan ég talaði til fólks af gömlu jörðinni og finnst mér það mikil vægt að efla tengslin sem mest.

Og ætla ég nú að fara í það að lýsa komu minni hingað og vonast til að það liði fyrir sambandinu, er ég kom á þennan hnött, fann ég fyrir aukinni mögnun og fann ég vel mun á mér hvað það varðaði að auðveldara átti ég með að svífa og lyfta mér frá jörðinni og þurfti ég ekki til þess að njóta mögnunar hópsins eins mikið og áður, heldur fann ég að ég átti greiðara með það einn míns liðs.

Og sömuleiðis margskonar afl beiting til líkamlegrar og andlegrar vinnu auðveldari og læt ég því vel af lífi mínu á þessum nýja hnetti.

Ekki eru þetta mér ný sannindi þar sem ég hef lifað einu sinni áður á framlífs hnetti, en finnst mér það mikill munur að fá nýjan líkama sem er sterkari en sá fyrri og var farinn að finna fyrir ýmis konar hrumleika.

Þótt forvitni mín sé mikil varðandi mannlíf og náttúrufar á þessum hnetti og landakosti og mismunandi lönd og þjóðir, þá varð mér engu að síður hugsað til gamla Íslands og kenningar þær sem ég lærði þegar ég var nýkominn á fyrstu framlífs jörð mína, rifjuðust upp kenningar dr. Helga Pjeturss og mikilvægi þess að styðja við framlífs hnettina og bægja frá helstefnu áhrifum og hjálpa framlífs hnöttunum að komast á lífstefnu brautina.

Margir eru hér staddir sem tengjast fræðigreinum sem ég fékk áhuga á á miðjum aldri á framlífs hnetti mínum fyrsta, hvort sem það eru stjórnufræðileg málefni eða stjórnmálaleg og er ég því ekki búinn að koma mér vel fyrir og kynna mér það allt til hlítar, en ég hlakka til að takast á við þau viðfangsefni.

Enn fremur er það von mín að ég geti látið til mín taka í sjálfstæðis baráttu þjóðanna sem fjarstaddir eru, þótt hér sé allt í góðu ástandi hvað það varðar, en höfum við margsinnis veitt þeim liðsinni og ráðleggingar og sent þeim mikla orku sem á því þurfa að halda og eru í vandræðum með sjálfstæði sitt.

Vildi ég gjarnan minnst á það betur hér í kvöld ef tækifæri gefst, en orkan er ekki langlíf í hverju sambandi fyrir sig og verð ég því aðeins að gefa grófa hugmynd um það sem ég ætlaði að segja hér í kvöld og reyni að koma því að síðar og vil ég gjarnan segja nafn mitt svo það gangi betur að koma erindi þessu til skila síðar er ég reyni að koma aftur.

Er ég að tala um þær fjölmörgu þjóðir á framlífs hnöttum og framlífs hnöttum, sem annað hvort hafa misst sjálfstæði sitt eða ekki fengið það.

Og hef ég á fyrstu framlífs jörð minni hef ég unnið alveg sérstaklega hörðum höndum að því að leiðbeina þeim og liðsinna sem þannig er ástatt um og hef ég setið marga sambandsfundi þar sem náðst hefur samband við gömlu jörðina, en ekki talað til ykkar beint og vildi gjarnan lýsa því

hvernig sérstakar aflstöðvar og sérstakir magnanar fundir er saman settir hér á framlífs jörðum til að hafa góð áhrif á stjórnálamenn ykkar hnattar og annars staðar þar sem mis vel horfir og hvort sem það eru erlend áhrif og fjárráð sem ógna þjóðunum eða trúarleg áhrif og menningarleg, þarf sífellt að vera vakandi og varast þær ógnir.

Og hef ég margsinnis talað við þá aðila beint á sambandsfundum og ráðlagt þeim og stundum átt þátt í því að ráðleggja þeim að stofna nýja flokka þegar þeir gömlu eru úrsérgengnir.

Ekki er jörðin ykkar og mín gamla svo vel stödd að við sem framliðin erum getum haft samband beint við ráðamennina og ráðlagt þeim hvernig betra er að stjórna landi og þjóð, en til eru slíkir hnettir þar sem komið er á lífstefnubrautina betur og tekið er meira mark á slíkum boðskap.

Vildi ég gjarnan segja frá lífi mínu á fyrsta framlífs hnetti mínum, en ætla ég nú að reyna að segja nafn mitt og er ég ánægður með að mér hefur tekist að koma nokkrum atriðum til skila og mun halda áfram að lýsa þessu síðar ef ég kemst í sambandið, Íslendingur Sigurður Eggerts alþingismaður, kveð ég ykkur að sinni, verið þið sæl.

Og þakka ég fyrir gott hljóð og vonandi að ég komist síðar, verið þið sæl.

*Vertu sæll.*